

Every Road Travel ehf.  
B.t. Elíza Guðmundsdóttir  
Sílakvísl 19  
110 Reykjavík

Akureyri: 21.12.2020  
Tilvísun: 2010236 / 02.09.01  
Ákvörðun nr. 4/2020

### **Efni: Ákvörðun um dagsektir**

Ferðamálastofa hefur tekið ákvörðun um álagningu dagsekta á félagið Every Road Travel ehf., kt. 4202171880 þar sem félagið hefur ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um framlagningu gagna vegna árlegs endurmats tryggingarfjárhæðar félagsins þrátt fyrir ítrekanir þar um.

### **Málsatvik**

Þann 1. apríl sl. rann út frestur til að skila inn gögnum vegna árlegs endurmats á fjárhæð trygginga ferðaskrifstofa skv. 6. gr. reglugerðar um tryggingar vegna pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar nr. 150/2019 sbr. 1. mgr. 26. laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Tilkynning þess efnis var send í tölvupósti þann 25. mars sl. Skilin voru ítrekuð með tölvupósti þann 7. maí sl. og upplýst að ef gögn myndu ekki berast fyrir 18. maí yrði málinu vísað til viðurlaga. Þann 20. maí sl. var send tilkynning um málinu yrði vísað til viðurlaga þar sem engin gögn hefðu borist fyrir uppgefin frest. Þann 18. júní sl. var félagið upplýst um að búið væri að vísa málinu til ákvörðunar um viðurlög. Engin gögn hafa borist þrátt fyrir ítrekanir.

Þann 11. nóvember sl. sendi Ferðamálastofa tilkynningu um fyrirhugaða álagningu dagsekta á félagið. Veittur var frestur til 26. nóvember sl. til að bæta úr annmörkum og skila inn umbeðnum gögnum. Enn fremur var tilgreint að dagsektir yrðu lagðar á félagið ef umbeðin gögn yrðu ekki lögð fram. Þann 26. nóvember sl. hafði forsvarsmaður Every Road Travel ehf. samband við Ferðamálastofu og upplýsti að gögnin væru í vinnslu og yrðu klár innan viku. Engin gögn hafa borist Ferðamálastofu.

Samkvæmt 3. mgr. 33. gr. laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018 getur Ferðamálastofa lagt dagsektir á aðila sem fara ekki að ákvæðum VII. kafla laganna um tryggingar ferðaskrifstofa. Dagsektir geta numið frá 50 þús. kr. til 500 þús. kr. á dag skv. 4. mgr. sömu greinar.

Samkvæmt 6. gr. skv. reglugerðar um tryggingar vegna pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar nr. 150/2019 sbr. 1. mgr. 26. laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun skulu tryggingaskyldir aðilar skila Ferðamálastofu tilgreindum gögnum og upplýsingum eigi síðar en 1. apríl ár hvert.



## Ákvörðun

Líkt og að framan greinir hefur Every Road Travel ehf. ekki farið að fyrirmælum Ferðamálastofu um framlagningu gagna vegna árlegs endurmats tryggingarfjárhæðar félagsins. Af þeirri ástæðu hefur Ferðamálastofa ákveðið að leggja dagsektir á félagið frá og með 4. janúar næstkomandi, hafi ekki verið farið að fyrirmælum stofnunarinnar fyrir þann dag.

**Frá og með 4. janúar 2021 verða lagðar á dagsektir að upphæð kr. 50.000 á Every Road Travel ehf. fyrir hvern dag sem líður þar til að farið hefur verið að fyrirmælum Ferðamálastofu um framlagningu tilskilinna gagna vegna árlegs endurmats tryggingarfjárhæðar félagsins. Verður uppsöfnuð sektarfjárhæð innheimt á 14 daga fresti þar til farið hefur verið að fyrirmælum Ferðamálastofu.**

---


Samkvæmt 7. mgr. 33. gr. laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018 má skjóta ákvörðun Ferðamálastofu sem tekin er á grundvelli VII. kafla til Ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra (ANR), Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, innan fjögurra vikna frá því að hún er kynnt þeim sem hún beinist að. Málskot til ráðherra frestar ekki gildistöku ákvörðunar.


Samkvæmt 6. mgr. sömu greinar eru dagsektir aðfararhæfar að liðnum kærufresti en kæra til ráðherra frestar aðför uns endanleg niðurstaða liggur fyrir. Málshöfðun fyrir almennum dómstólum frestar ekki aðför.

Samkvæmt 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1992 á aðili rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný, ef ákvörðunin hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik.

Virðingarfyllst,

F.h. Ferðamálastofu

  
Helena Þ. Karlsdóttir forstm. Stjórnsýslusviðs

  
Nanna D. Björnsdóttir, lögfræðingur

Afrit er sent með tölvupósti á [eliza@ert.is](mailto:eliza@ert.is)